



## Áætlun Vogahafnar um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa

Vogahöfn leggur áherslu á skilvirka og ábyrga móttöku á úrgangi frá skipum og bátum sem hafa viðkomu í Vogahöfn. Áætlun þessu gildir í samræmi við reglugerð nr. 1200/2014, með síðari breytingum, um öll íslensk skip og um öll önnur skip sem hafa viðkomu í Vogahöfn, að undanskildum erlendum herskipum, hjálparskipum í flota eða öðrum skipum í ríkiseign eða ríkisrekstri sem um stundarsakir eru nýtt í þágu hins opinbera til annars en viðskipta. Bryggjukantur 170m, mesta dýpi við kant 2m á 60m kafla. Smábátahöfn með 10 viðlegupláss. Að meðaltali liggja 4 smábátar við smábátahöfnina á ársgrundvelli.

**Grundvöllur áætlunarinnar eru lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004, með síðari breytingum, ásamt reglugerð nr.1200/2014 um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum, Reglugerð nr. 1201/2014 um gjalddöku í höfnum vegna losunar, móttöku, meðhöndlunar og förgunar úrgangs og farmleifa frá skipum, lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55 frá 2003 auk tilheyrandi reglugerðar nr 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, breytingum með nr. 969 frá 2014, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni með breytingu nr. 169 frá 2002, reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang, með síðari breytingum og reglugerð nr. 586/2017 um innleiðingu viðauka við alþjóðasamning um varnir gegn mengun frá skipum, 1973, með breytingum samkvæmt bókun 1978 (MARPOL-samningur).**

1. Vogahöfn tekur við beiðnum skipsstjóra um móttöku á úrgangi og gerir viðeigandi ráðstafanir um móttöku þess og förgun, enda hafi ósk um þessa þjónustu verið komið á framfæri með 24 klukkustunda fyrirvara. **Gjald fyrir þjónustu þessa er getið í gjaldskrá sveitarfélagsins. [http://www.vogar.is/Stjornsysla/Gjaldskra\\_sveitarfelagsins/](http://www.vogar.is/Stjornsysla/Gjaldskra_sveitarfelagsins/)** . Við Vogahöfn er eitt sorpílát 600l tunna og er hún staðsett við Jónsvör 2.
2. Umboðsmenn skipa skulu ábyrgjast að viðkomandi skip skili til viðurkenndrar móttökustöðvar og sjá til þess að upplýsingar um magn úrgangs sem tekið hefur verið á land skili sér til Vogahafnar eigi síður en við brottför skips.
3. Skipstjóri annarra skipa bera ábyrgð á því að úrgangi frá skipinu sé skilað í móttökuaðstöðu áður en látið er úr höfn og að upplýsingum um magn úrgangs sem tekið hefur verið á land skili sér til Vogahafnar.
4. Olíuúrgang og hættulegum efnum skulu öll skip undantekningalaust skila til viðurkennds móttökuaðila og ber skipstjóri skips ábyrgð á því að svo sé gert. Ekki er ílát fyrir olíuúrgang við höfnina en við höfnina er gámostöð Kölku og er hægt að losa olíuúrgang þar og greiða fyrir samkvæmt þeirra gjaldskrá.

- Hafnarvörður leiðbeinir skipstjórum um þá þjónustu sem óskað er eftir. Vogahöfn felur fyrirtækjum eða þjónustuaðilum að sjá um móttöku á úrgangi frá skipum í þeim tilvikum sem þarf og óskað er eftir. Ef beiðni kemur um losun skolps er hægt að panta dælubíl en þó með 24 tíma fyrirvara.
- Telji skipstjóri, eigandi eða umboðsmaður skips fyrirkomulag við móttöku úrgangs ófullnægjandi ber honum að tilkynna hafnaryfirvöldum það. Telji viðkomandi umkvörtunarefnið vera þess eðlis að vekja þurfi athygli umhverfisyfirvalda á því, ber viðkomandi að senda Umhverfisstofnun afrit tilkynningar. <http://ust.is/atvinnulif/haf-og-vatn/mengun-fra-skipum/#Tab4>

Síða á ensku

<https://www.ust.is/default.aspx?pageid=504d0e73-421b-11e7-941e-005056bc2afe>



*Í rauða hringnum er gámasvæði Kólku sem er móttökuaðili úrgangs, í gula hringnum er ruslailát fyrir smábáta*

- Hafnarstjóri Vogahafnar ber ábyrgð á fyrirkomulagi móttöku úrgangs og farmleifa hjá Vogahöfn.
- Hafnarvörður annast daglegan rekstur móttökunnar og annast samskipti við skipa eigendur eða umboðsmenn skipa, hafnarvörður hefur einnig samráð við notendur hafnarinnar og tekur við ábendingum og kemur þeim á framfæri.
- Vogahöfn fer ekki fram á formeðferð á úrgangi eða farmleifum.
- Áætlun þessi er endurskoðuð á þriggja ára fresti og einnig eftir meiriháttar breytingar. Næsta endurskoðun fer fram 2024.
- Heimilt er að nota þessar upplýsingar vegna hafnarríkiseftirlits og annars eftirlits.

Vogum, 10 febrúar 2021

Ásgeir Eiríksson, hafnarstjóri